

**Ed.**

**406. Frumvarp**

til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

**A. Kvennaskólinn í Reykjavík.**

**1. gr.**

Ríkið tekur að sjer kvennaskólann í Reykjavík, og skal hann framvegis að öllu leyti rekinn á kostnað rikissjóðs.

Sjóður kvennaskólans, sem upphaflega var myndaður af samskotum, skal framvegis ávaxtast þannig, að  $\frac{1}{4}$  hluti vaxtanna leggist árlega við höfuð-

stólinn, en  $\frac{3}{4}$  hlutar þeirra gangi jafnótt til rekstrar skólans. Allar aðrar eignir skólans, kensluáhöld, rúmfatnaður o. fl. fylgja honum.

Stjórnarráðið fær umráð þau yfir hinum sjerstöku sjóðum, er forstöðunefnd kvennaskólans hefir haft á hendi, nfl. styrktarsjóði hjónanna Páls og Thoru Melsteð, styrktarsjóði frú Elinar Briem Jónsson og verðlaunasjóði H. Th. A. Thomsens.

2. gr.

Ríkisstjórnin semur reglur fyrir skólann og hefir yfirstjórn hans á hendi.

3. gr.

Skólinn er miðaður við 4 ára nám og auk þess hússtjórnardeild í tveimur náms skeiðum.

4. gr.

Kenslugreinar skulu vera: Íslenska, danska, enska, saga, landafræði, stærðfræði, náttúrufræði, heilsufræði, hjúkrun, teiknun, skrift, leikfimi, söngur, útsaumur, ljereftasaumur, utanyfirfatasaurur, fatasnið, þrjón og baldýring.

Í hússtjórnardeildinni skal kenna alt, er lýtur að hússtjórn, svo sem matargerð, þvott og meðferð á honum og önnur innanhússtörf. Ennfremur fá námsmeyjar tilsögn í efnasamsetningu fæðunnar og næringargildi hennar. Mikil áhersla skal lögð á hreinlæti, reglusemi, nýtni og sparemi. Námsmeyjar í hússtjórnardeildinni skulu búa í skólanum.

5. gr.

Við skólann skal skipa forstöðukonu með 3000 kr. árslaunum, auk ókeypis bústaðar, ljóss, hita og fæðis meðan skólinn starfar, og að minsta kosti einn fastan kennara í bóklegum námsgreinum með 2000 kr. árslaunum, og stundakennara eftir þörfum. Ennfremur skal skipa forstöðukonu fyrir hússtjórnardeild skólans með 1500 kr. árslaunum, auk ókeypis bústaðar, ljóss og hita og fæðis meðan kenslan stendur yfir, og veita henni þá aðstoð við kensluna, er hún þarfnast.

Fastir kennarar skólans njóta dýrtíðaruppbótar eftir hinum almennu reglum um embættismenn ríkisins.

6. gr.

Skólagjald skulu námsmeyjar greiða svo sem verið hefir.

7. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí ár hvert, en að því er hússtjórnarkensluna snertir til 30. júní ár hvert.

8. gr.

Próf skal halda í lok hvers skólaárs og inntökupróf að haustinu.

## B. Kvennaskólinn á Blönduósi.

### 9. gr.

Þá tekur og ríkið að sjer kvennaskólann á Blönduósi, og skal hann framvegis rekinn að öllu leyti á kostnað ríkisins.

Jafnframt afhenda sýslunefndirnar í Húnavatnssýslu ríkinu kvennaskóla hennar með öllum eignum hans, kvennaskólahúsinu, lóðarrjettindum, innanhúsmunum, sjóðum og öllu öðru, er skólanum tilheyrir.

### 10. gr.

Ríkisstjórnin semur starfsreglur fyrir skólann og hefir öll umráð hans, en sjer til ráðuneytis skipar hún 5 manna nefnd, og sje meiri hlutinn konur.

### 11. gr.

Kenslugreinar skulu vera hinar sömu, er nú eru kendar í skólanum, þangað til ný skipun kann að verða gerð með reglugerð.

### 12. gr.

Við skólann skal skipa forstöðukonu, hússtjórnarkenslukonu og 3 aðrar fastar kenslukonur, svo sem nú á sjer stað, og með sömu föstum launum og nú, að viðbætti dýrtiðaruppbót, sbr. niðurl. 5. gr. Auk þessa njóta þessir kennarar sem hingað til ókeypis bústaðar, ljóss, hita og fæðis meðan skólinn starfar.

### 13. gr.

Skólagjald skulu námsmeyjar greiða svo sem verið hefir.

### 14. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí ár hvert, en að því er hússtjórnarkensluna snertir til 30. júní ár hvert.

### 15. gr.

Próf skal halda í lok hvers skólaárs og inntökupróf að haustinu.

### 16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. sept. 1926.